



SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

12. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 23. september 2024, kl. 15:00 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Elvar Harðarson mætti ekki og Alexandra Rós Jóhannesdóttir boðaði forföll, Þórmundur Smári Hilmarsson varamaður mætti í hennar stað. Vilborg Ástráðsdóttir og Sigríður Björk Gylfadóttir fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Jóhanna Lilja Arnarsdóttir skólastjóri Flúðaskóla, Halla Gunnarsdóttir fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Auður Hanna Grímsdóttir fulltrúi foreldra Flúðaskóla boðaði forföll, Margrét Sævarsdóttir mætti í hennar stað. Jóna Björg Jónsdóttir leikskólastjóri Undralands, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks Undralands og Dagný Lilja Birgisdóttir fulltrúi foreldra Undralands.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund skólaársins og Jónu Björgu leikskólastjóra velkomna til starfa. Katrín Þorvaldsdóttir ritar fundargerð.

Hér var gengið til dagskrár:

Sameiginleg málefni

1. Erindisbréf Skólanefndar

Formaður fór efnislega yfir erindisbréf. Erindisbréf er samþykkt af skólanefnd með umræddum breytingum sem varða nefndarfulltrúa Skeiða og Gnúpverjahrepps.

2. Starfsáætlun Skólanefndar

Formaður lagði fram starfsáætlun skólanefndar. Á fundum þetta skólaárið verður áfram unnið að innleiðingu skólastefnu Hrunamannahrepps. Starfsáætlun skólanefndar er samþykkt með fyrirvara um breytingar.

3. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla, september 2024

Í upphafi skólaárs hefur verið mikið og margt sem nemendur hafa haft fyrir stafni. 10. bekkur fór til Danmerkur fyrstu viku skólans og 8. bekkur fór, með öllum nemendum 8. bekkja í uppsveitum og Flóa, í einnar nætur gistingu. Í réttarvikunni var þriggja daga þemavinna hjá öllum nemendum, ýmist bekkjaskipt eða þvert á alla árganga. Þar var m.a. farið yfir skólareglur, samkennd og samskipti. Allir dagar hófust á hreyfingu, og við fengum til okkar góða gesti í spjall og umræður. Gunnar sem er með heilsuefandi samfélag og lögregluna. Þá komu samtökin 78 til okkar með fræðslu fyrir 7.- 10. bekk auk þess sem þau voru með fræðslu fyrir starfsmenn og svo foreldra. Á fimmtudegi fyrir réttir fóru svo allir nemendur og starfsfólk í göngu, sem við gerum á hverju ári fyrir réttarfri.

Þessa vikuna er hún Vala með 4 nemendur í Noregi. Nemendur þessir unnu sér inn námsferð með fullum styrk frá Erasmus+. Í upphafi síðasta skólaárs var haft samband við stjórnendur og óskað eftir samstarfi við 2009 árganginn í verkefni sem heitir "My European Story". Frumkvæðið af verkefninu kom frá starfsfólki norsku borgarinnar Bodø, en hún var valin menningarhöfuðborg Evrópu árið 2024. Nokkrum skólum í Noregi var falið að leitast eftir samstarfi við aðra skóla víðs vegar í Evrópu. Tilgangurinn með verkefninu var að tengja saman jafnaldra í Evrópu til að fá þeirra sýn inn í þeirra sögu, líf eða samfélag þeirra og þannig sjá muninn og líkindin.

Dagana 19. – 20. september voru fyrstu smíðjudagar unglíngastígs og að þessu sinni haldnar hér á Flúðum. Eins og undanfarin ár eru þetta nemendur frá Reykholtskóla, Bláskógaskóla Laugarvatni og Kerhólsskóla auk Flúðaskóla en nú hafa bæst við nemendur úr Þjórsárskóla og Flóaskóla. Hingað

JR

JA

PSH

DUB

KP VG

mættu því rúmlega 150 nemendur og tóku þátt í mjög fjölbreyttum og skemmtilegum smiðjum. 14 starfsmenn Flúðaskóla eru skráðir á Utís Online sem stendur yfir föstudaginn 20. og laugardaginn 21. september. Utís Online er menntaviðburður á netinu fyrir kennara, stjórnendur og starfsmenn á öllum skólastigum, þar sem boðið er upp á mjög fjölbreytta fyrirlestra, m.a. um skólaþróun, nýsköpun, læsi, geðheilbrigði og samskipti heimilis og skóla. Fyrirlestrarnir eru svo aðgengilegir, þeim sem eru skráðir, í eitt ár.

Að lokum er gaman að segja frá því að hingað er kominn skiptinemi frá Japan sem verður hér út skólaárið. Hans aðalmarkmið er að læra íslensku og kynna sér lýðræði og menningu Íslands. Hann mun vera í 9. bekk og hafa nemendur tekið honum mjög vel.

Nemendur eru 91 talsins, 73 úr Hrunamannahreppi og 18 úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkensla er í 1. og 2. bekk, 3. og 4. bekk, 5. og 6. bekk og 7. og 8. bekk.

Kennarar eru 11 í 9,43 stöðugildum

Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu eru hvor um sig í 50% stjórnun og 50% kennslu.

Einn kennari er stundarkennari, í 19% starfi

Stuðningsfulltrúar eru 8, í alls 5,7 stöðugildum

Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri Flúðaskóla

Skólastjóri bætti við að miðstig skólans fór í smiðjur föstudaginn 20. september.

4. Kynning á Skólaseli/frístund Flúðaskóla

Jóhanna skólastjóri kynnti fyrir skólanefnd breytingar á Skólaseli og Frístund. Ávinningur þessara breytinga er betri nýting á kennslustundum með því að jafna skólatímann yfir vikuna. Rýmri tími skapast til æfinga í íþróttahúsi með breytingunum. Auk þess að þessi breyting getur aukið þann tíma sem nemendur á yngsta stigi með íslensku sem annað tungumál eru í íslensku málumhverfi. Ekki er tekið gjald fyrir vistun í Skólaseli. Eftir heimakstur skólabíla tekur Frístund við og er gjald tekið fyrir þá vistun.

5. Áætlun um skólaakstur skólaárið 2024-2025.

Áætlun um skólaakstur skólaárið 2024-2025 var lögð fram til kynningar

6. Umbótaáætlun vegna Skólapúlsins

Lögð var fyrir umbótaáætlun Flúðaskóla sem unnin var út frá niðurstöðum Skólapúlsins vorið 2024. Skólapúlsinn verður aftur lagður fyrir skólaárið 2024-2025 og árangur metinn. Umræða var um átak í minni símanotkun nemenda sem er liður í umbótaáætlun, sem dæmi má nefna símalausar frímínútur þrisvar í viku á unglíngastigi.

7. Móttökuáætlun Flúðaskóla

Lögð var fyrir móttökuáætlun nýrra nemenda. Áætluninni er ætlað að auðvelda nýjum nemendum og foreldrum þeirra upphaf skólagöngunnar. Henni er einnig ætlað að tryggja að skólinn afli fullnægjandi upplýsinga um nýja nemendur. Einnig að tryggja að nemendur og foreldrar fái upplýsingar um skólann, samfélagið og þá þjónustu sem þar býðst barninu. Umræða var um móttöku nýrra nemenda og þá nemendur með annað móðurmál en íslensku, hvernig best er að mæta þörfum þeirra og koma nauðsynlegum upplýsingum til foreldra. Rætt um mögulegar samræmdar áætlanir skólanna í kring t.d. með aðkomu Skóla og velferðarþjónustu.

8. Læsisstefna Flúðaskóla og Undralands.

Lögð var fyrir sameiginleg læsisstefna Flúðaskóla og Undralands.

Sá hluti sem snýr að leikskólanum þarfnast frekari endurskoðunar og verður læsisstefnan aftur á dagskrá skólanefndar eftir áramót.

9. Aðgerðaráætlun vegna Skólastefnu-eftirfylgni.

JLA
DLB
BSH
KP VG

Aðgerðaráætlanir skólanna er liður í innleiðingu Skólafélagshúsa Hrunamannahrepps. Farið var yfir þætti í fyrsta hluta áætlana skólanna, *Nám og uppeldi*. Umræða var um þessa þætti og skólafélagshúsa greindu frá stöðu mála. Skólafélagshúsa Hrunamannahrepps má finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Rætt um aðgerðir vegna stuðnings við nýbúafraeðslu-ÍSAT í grunnskólanum og sérkennsluþörf. Uppeldisstefnan jákvæður agi, Jóhanna greindi frá stöðunni. Rætt hefur verið við nágrannaskóla um þátttöku og samvinnu í innleiðingarferli. Flúðaskóli og Undraland stefna að þessari innleiðingu saman.

Fundargerð lesin upp, Vilborg, Sigríður, Halla og Margrét véku af fundi.

10. Skýrsla leikskólafélags Undralands

Fjöldi barna í lok september og mannaúður.

Völuhóll: 21, Stekkhóll: 17, Grænhóll: 12. Heildarfjöldi barna er 50.

Starfsfólk með menntun í uppeldis og eða menntunarfræðum: Skólafélagshúsi og þrjár deildarstjórnar, (leikskólakennari, þroskaþjálfari og leikskólaliði). Einn leikskólakennari og einn starfsmaður með B.Ed í leikskólafræðum.

Leiðbeinendur leikskólans eru með aðra háskólamenntun, leikskólaliði eða ófagmenntaðir. Í eldhúsi er einn starfsmaður. Það vantar til starfa tvo deildarstjóra ásamt 1-2 leikskólakennurum. Nauðsynlegt er að við náum að sinna sérkennslu, en eins og staðan er núna náum við ekki að sinna því sem við með lögum samkvæmt eigum að gera og börnin eiga rétt á. Nauðsynlegt er að grípa börn sem fyrst til að þeim vegni betur þegar þau verða eldri. Heildarfjöldi starfsmanna er 13 á deildum einn í eldhúsi og einn í stjórnun. Allir í 100% stöðuhlutfalli, Það er svo einn starfsmaður í 50% stöðu.

Starfsandi er mjög góður og allir starfsmenn mjög skilningsríkir þegar reynir á, en eðli málsins samkvæmt þá verður fólk þreytt á svona ástandi til lengdar og fer þá oft að verða meiri veikindi en ef það er ekki eins mikið álag í vinnunni. En við vonum að sjálfsögðu að við fáum öflugt fólk til starfa hjá okkur sem fyrst. Starfsmenn allir eiga mikið hrós skilið fyrir hve skilningsríkir, þolinmóðir og lausnarmiðaðir þeir eru í sínum störfum og í samskiptum við börnin.

Faglegt starf þarf að móta í samvinnu við starfsfólk leikskólans í vetur ú frá þeim stefnum og straumum sem hafa verið til staðar og þeim markmiðum sem við stefnum að. Við stefnum meðal annars að samstarfi við Flúðaskóla að innleiða uppeldisstefnuna „Jákvæðan aga“. Eins er samvinna allra leikskóla Uppsveitanna og Flóa að innleiða „snemmtæka i hlutun“. Snemmtæk i hlutun er verkefni sem unnið er með MMS (miðstöð menntunar og skólaþjónustu) og er innleiðingunni stýrt þaðan. Bæði þessi verkefni eru sett upp þannig að innleiðingarferlið taki eitt skólaár. Því eru nær allir starfsdagar uppteknir í þessi tvö verkefni að undanskildum 27. September sem nýttur verður í aðra endurmenntun.

Leikskólafélagshúsi greindi frá sérkennsluþörf innan leikskólans. Eins og áður hefur komið fram næst ekki að sinna þeirri sérkennslu sem þarf að sinna lögum samkvæmt eins og staðan er í dag þar sem deildarstjóra og leikskólakennara vantar.

Húsnæði og útileiksvæði, búið er að senda nokkrar tillögur að nýju leiktæki í stað klifurgrindar sem mun verða tekin niður vegna slæms ástands. Mikil þörf er á að endurbæta og stækka húsnæðið ef á að vera hægt að taka á móti þeim börnum í leikskólann sem sótt er um fyrir og eru komin með aldur til að koma. Það þyrfti að vera í stefnu sveitastjórnar hvað á að taka ung börn inn í leikskólann og vinna svo að því að gera leikskólahúsnæðið þannig úr garði að hægt verði að taka á móti þeim börnum með góðu móti. Starfsmannaástaða er með öllu óviðunandi. Ekkert fundarherbergi er til staðar. Þegar fundur, viðtal eða talmeina/sálfræðingar koma er ekki hægt að nýta undirbúningsherbergi. Þá er ótalið að hafa einungis eitt salerni fyrir alla starfsmenn og gesti, litla kaffistofu og enga að stöðu fyrir þroskaþjálfara/sérkennara.

Að lokum, þar sem mér finnst ég hafa verið heldur neikvæð í þessari samantekt þá vil ég taka fram að ég er afar þakklát fyrir að frá því ég byrjaði 1. ágúst hef ég fengið framúrskarandi góðar viðtökur frá öllum sem koma að leikskólanum, starfsmönnum sveitarfélagsins, starfsmönnum

JLA

DLB

JKP

KP

PSH

UG

leikskólans og foreldrum sem hafa nokkrir komið að spjalla við mig og síðast en ekki síst börnunum í leikskólanum.

Einnig vil ég taka fram að það er margt í mjög góðu lagi og þá dettur mér helst í hug það frábæra fólk sem starfar í leikskólanum og gerir gott úr og er duglegt að leita lausna á öllu mögulegu sem varðar starf þeirra. Við verðum bara að láta það finna að við erum þakklát og kunnum að meta þeirra góðu störf.

Jóna Björg Jónsdóttir

Skólastjóri, leikskólans Undralands.

Á síðasta skólaári var skipaður starfshópur sem skoðaði samrekstur skólanna og þar var meðal annars rætt um húsakost en niðurstaða starfshópsins var sú að samrekstur væri ekki tímabær en huga þyrfti þó sérstaklega að aðstöðu innan leikskólans vegna fjölgunar barna og horft til þess hvernig Undraland og Flúðaskóli geti samnýtt húsnæði og aðstöðu sem er til staðar í grunnskólanum. Skólanefnd þakkar leikskólastjóra fyrir þessar greinagóðu upplýsingar og tekur undir það að huga þurfi að húsnæði og framtíðarsýn leikskólans í þeim málum. Skólanefnd leggur til að skólastjórnendur skoði hvort og hvernig hægt sé að samnýta húsnæði Flúðaskóla með leikskólanum eins og staðan er núna, líkt og rætt var á síðasta skólaári.

Skólanefnd mælir þó með því við sveitarstjórn að hugað sé að húsnæði leikskólans til að mæta fjölgun barna í leikskólanum og aðstöðu starfsfólks. Sem er í takt við það sem fram kemur í Skólastefnu Hrunamannahrepps.

11. Umbótaáætlun vegna Skólapúlsins

Jóna Björg leikskólastjóri greindi frá þeim þáttum sem komu fram í niðurstöðum Skólapúlsins vorið 2024. Umbótaáætlun út frá þessum niðurstöðum Skólapúlsins verður lögð fyrir samhliða starfsáætlun leikskólans á næsta fundi skólanefndar.

12. Móttökuáætlun Undralands

Lögð var fyrir drög að móttökuáætlun nýrra barna. Áætluninni er ætlað að auðvelda nýjum nemendum og foreldrum þeirra upphaf skólagöngunnar. Henni er einnig ætlað að tryggja að leikskólinn afli fullnægjandi upplýsinga um nýja nemendur. Einnig að tryggja að nemendur og foreldrar fái upplýsingar um skólann, samfélagið og þá þjónustu sem þar býðst barninu. Formaður lagði til að inngangur væri að móttökuáætluninni og hvernig aðlögun er í leikskólanum. Formaður lagði til að stuttur inngangur að móttökuáætluninni væri sameiginlegur hjá leik og grunnskóla og kafli sem varðar upplýsingar um samfélagið, t.d. hlekkir á heimasíðu sveitarfélagsins, upplýsingasíðu íþróttahússins og sundlaugar, hlekkur á heimasíður bókasafnsins. Annað sé skrifað út frá hvoru skólastigi fyrir sig.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:19

Dagný Lilja Birgisdóttir
Valur Guðmundsd.

Pórmundur S. Hilmarsson

Jóhanna Lísa Arnard.
Jóna Björg Jónsd.

Katrín Þorvaldsdóttir